

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. mars 2011
2011030008/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi í Árborg, 283. mál

Vísað er til tölvupósts / bréfs frá menntamálanefnd Alþingis, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hefjast nú þegar handa við uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi í Árborg.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir þau sjónarmið að það sé óviðunandi að ekki sé til fullburða sýningaraðstaða til að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi sbr. hlutverk Náttúruminjasafns Ísland samkvæmt lögum nr. 35/2007. Til að sinna framangreindu hlutverki svo vel sé þarf í litlu þjóðfélagi eins og Íslandi að nýta alla möguleika sem fyrir eru á sem hagkvæmastan hátt.

Náttúrufræðistofnun Íslands býr yfir stóru vísinda- og náttúrugripasafni (ekki sýningarsafni) sem núna er geymt við bestu aðstæður. Stofnunin mun halda áfram í samræmi við lagalegt hlutverk sitt að safna vísindalegum gögnum og náttúrugripum og þróa vísindasafnið. Þannig getur stofnunin best sinnt því hlutverki sem henni ber sem vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafns Íslands og orðið m.a. undirstaða að fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og annarra náttúrugripasafna samkvæmt samkomulagi sem gert er hverju sinni sbr. framangreind lög. Það má ekki gleymast í þessu sambandi að þjóðin öll ber kostnað af vísindasafninu og hefur því rétt til að geta notið þess eins og kostur er hvar sem er á landinu. Náttúrufræðistofnun Íslands lánar nú þegar söfnum víða um land ýmsa gripi.


Náttúrufræðistofnun Íslands hefur látið þá skoðun í ljós að náttúruminjasafn / náttúrugripasafn þurfi ekki að vera í sama húsakosti eða beint tengd við staðsetningu stofnunarinnar þótt uppbygging náttúruminjasafns / náttúrugripasafns ætti að sjálfsögðu að vera í fullri samtengingu og samráði við Náttúrufræðistofnun. Stofnunin telur þó af mörgum ástæðum (mannfjöldi, fjárhagsleg hagkvæmni, tengsl milli ólíkra vísindasafna o.s.frv.), að hentugt sé að höfuðsafn náttúruminja / náttúrugripa sé á höfuðborgarsvæðinu. Þetta útilokar þó alls ekki með nokkrum hætti að reka önnur náttúruminjasöfn víða á landinu. Einnig getur tækni auðveldað að hafa allskyns sýningar með ólíkum miðlum víða. Á það hefur verið bent að það eru lausar lóðir til að byggja náttúruminja-, eða náttúrugripasafn nærri núverandi




staðsetningu Náttúrufræðistofnunar. Þótt þetta sé augljós kostur þarf að meta hann út frá mörgum hliðum eins og aðra kosti og í samræmi við stefnumörkun á þessu sviði.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar mikilvægt að myndarlega sé staðið að eflingu náttúruminjasafns og velja verður húsnæði sem hentar starfseminni. Stofnunin varar hins vegar við tvíverknaði hvað varðar öflun, geymslu og nýtingu/rannsóknnum á gögnum/náttúrugripum í vísindasöfnum almennt. Náttúrufræðistofnun hefur eins og áður segir myndarlega aðstöðu fyrir vísindasafn og vaðveislu þess og náttúrugripa og er það þjóðinni til sóma. Það er vert að minna á að ekki má rugla saman vísindasafni og miðlun vísindalegrar þekkingu til almennings. Þegar miðla á þekkingu verður að undirbúa það bæði fræðilega og út frá hugmyndafræði sem unnið er eftir hverju sinni og þá ákveða hvað á að sýna og með hvaða hætti. Samvinna milli Náttúrufræðistofnunar og þeirra sem miðla vísindalegri þekkingu mundi því byggjast á því hvað Náttúrufræðistofnun getur lagt til af þekkingu eða gögnum úr vísindasöfnum stofnunarinnar hverju sinni, lánað þá til lengri eða skemmri tíma eða útvegað nýja gripi samkvæmt samkomulagi. Það verður þó alltaf að gæta að því að fræðilegt gildi vísindasafns rýrni ekki. Náttúrufræðistofnun ítrekar að það verður að horfa til fjárhagslegrar getu þjóðfélagsins á þessu sviði og samnýta gögn eins og hægt er því iðulega er verið að sækja fjármagn á þessu sviði í „sama“ pottinn. Vísindasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands er öllum aðgengilegt til rannsókna og til notkunar eftir þeim reglum sem gilda um umgengni við safnið.

Virðingarfyllst


Guðmundur Guðmundsson
forstöðumaður safna- og flokkunarfræði


Trausti Baldursson

